

#

Áhrif gufu frá virkjunum við Suðurlandsveg á umferðaröryggi

Einar Sveinbjörnsson
Haraldur Sigþórsson

-ágrip erindis á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar nóvember 2011-

Með tilkomu jarðvarmavirkjana og vatnsgufu, sem frá þeim berst um kæliturna, hafa vaknað spurningar þess efnis, hvort gufan geti átt þátt í þéttingu og myndun ísingar á nærliggjandi vegum. Nokkrum sinnum á undanförunum árum hafa verið viðraðar kenningar í þá veru að jarðgufa frá borholum á Hellisheiði og síðar sjálfri virkjuninni valdi aukinni hálfu á Suðurlandsvegi, einkum í Hveradalabrekku.

Á haustmánuðum 2009 var lagt upp í könnunarleiðangur til prófunar á þessari tilgátu. Þá um veturinn voru einnig farnar nokkrar vettvangsferðir í veðurlagi, þar sem líklegt mátti telja að gufan gæti verið áhrifavaldur fyrir myndun hríms eða hélu í Hveradalabrekku. Mældur var hiti og raki með færanlegum mæli frá Veðurstofu Íslands. Næsta vetur (2009-2010) var veðurstöð komið fyrir á staur nærri veginum í um þriggja mánaða skeið og gögnum safnað í minni stöðvarinnar.

Í verkefninu var áhersla lögð á að skilgreina þau veðurskilyrði, sem væru líkleg til að auka líkur á hálkumyndun vegna gufunnar. Út frá greiningu mælinga á veðuraðstæðum eru einkum þrenns konar veðurskilyrði, þar sem forsendur hálkumyndunar eru fyrir hendi. Þessi skilyrði eru ekki algeng og einungis eitt tilvik var staðfest, þar sem ísingu má rekja til gufunnar frá orkuverinu.

#